

BREYTING Á URÐUNARSVÆÐI Á STJÓRNARSANDI, SKAFTÁRHREPPI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á urðunarsvæði á Stjórnarsandi, Skaftárhreppi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 722/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Gert er ráð fyrir urðunarstaðnum í gildandi aðalskipulagi en áður en framkvæmdaleyfi og starfsleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi svæðisins. Skipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Skaftárhreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. september 2013.

INNGANGUR

Þann 27. júní 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Skaftárhreppi um fyrirhugaða breytingu á urðunarsvæði á Stjórnarsandi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 29. júlí 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. júlí 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að urðunarstaðurinn sé norðaustan við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri, um 300 m norðan flugbrautar á Stjórnarsandi og þjóni heimilum og fyrirtækjum í Skaftárhreppi. Fram kemur að urðun hafi farið fram á svæðinu í alllangan tíma, en nú hafi Skaftárhreppur sótt um endurskoðun starfsleyfis til þess að hægt verði að urða um 220 tonn af heimilissorpi í stað 52 tonna af ösku sem urðuð hafi verið frá sörporkustöðinni á Kirkjubæjarklaustri en ofangreint magn heimilissorps samsvari því magni sem áður hafi verið brennt í sörporkustöðinni. Fyrirhuguð breyting taki til 0,7 ha svæðis innan 4,7 ha urðunarsvæðis á Stjórnarsandi, en að öðru leyti sé magn einstakra úrgangsflokka og það svæði sem þeim sé ætlað, óbreytt frá gildandi starfsleyfi.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaradila kemur fram að ekki beri mikið á urðunarstaðnum þar sem u.þ.b. 2 m háir jarðvegsgarðar með trjágróðri umlyki staðinn að norðan- og vestanverðu og því sé hann ekki áberandi frá þjóðveginum. Fram kemur að jarðvegur undir svæðinu sé sendinn og gegni hlutverki náttúrulegrar síu fyrir sigvatn. Grunnvatnsstaða sé talsvert há á svæðinu og miðað við umfang urðunar sé ekki talin hætta á því að sigvatn valdi mengun í grunnvatni eða í Skaftá sem renni um 600 m suðvestan við urðunarstaðinn þar sem sigvatnið sem renni í ána þynnist það mikið. Engin vatnsból séu í nágrenni við urðunarstaðinn og því ekki hætta á að neysluvatn eða vatnsból mengist vegna urðunarinnar. Talið er að helstu þættir sem valdið geta umhverfisáhrifum séu lykt, sem borist geti lengst um 1 km frá urðunarstaðnum. Fjarlægðin að austasta hluta þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri sé rúmur 1 km, en fjarlægð að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði, skv. endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps, séu rúmir 500 m. Hætta geti orðið á foki frá svæðinu í hvasvöðrum, en ráðgert sé að þekja allan úrgang daglega og hinda aðgang meindýra. Sigvatn sem safnist undan urðunarstaða verði leitt í gildrur, þró, síu, siturlögn eða annan jafngildan búnað. Þá kemur fram að gas myndist við niðurbrot lífrænna úrgangsefna og geri starfleyfishafi kröfu um sértækar aðgerðir til að draga úr losun gass frá svæðinu og verði brugðist við því.

Fram kemur að í gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps fyrir 2010- 2012 sé gert ráð fyrir 4,7 ha sörpurðunarsvæði á Stjórnarsandi. Unnið sé að breytingu á deiliskipulagi urðunarsvæðisins samhliða því að tilkynnt hafi verið um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Í umsögnum Skaftárhrepps og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því í umsögn sinni að um sé að ræða lítið magn sorps á svæði sem nú þegar sé í notkun. Tekið er fram að í gildi sé vöktunaráætlun fyrir svæðið.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir á að þar sem urðun hafi farið fram á þessu svæði í töluverðan tíma meti sveitarfélagið það svo að umrædd urðun heimilissorps í stað ösku komi til með að hafa lítil áhrif á svæðið. Grunnvatnsmælingar sem farið hafi fram sýni litla sem enga mengun í en sjónræn áhrif breytinganna gætu orðið nokkur en gerð verði sú krafa að urðaður úrgangur verði þakinn jarðvegi jafnóðum og að kröfum um jarðvegsgarða, girðingar og trjágróður í kringum svæðið verði fylgt eftir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á urðunarsvæði á Stjórnarsandi, þar sem ráðgert er að urða um 220 tonn af heimilissorpi í stað 52 tona af ösku áður, sem kom frá sorporkustöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun bendir á að mati á umhverfisáhrifum urðunarstaðar á Stjórnarsandi, sem hluta af framkvæmdum á vegum Sorpsamlags Hulu, lauk í febrúar árið 1998. Í matinu var gert ráð fyrir að á Stjórnarsandi yrði urðaður sláturúrgangur, byggingarúrgangur og seyra úr rotþrómi í Skaftárhreppi og því myndi sennilega einungis verða um að ræða lífræna mengun sigvatns af völdum seyru og sláturúrgangs. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna og athugasemda var það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð sorpförgun Byggðasamlagsins Hulu hefði ekki í för með sér umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna kom fram að til stæði að gera sýnatökubrunn á Stjórnarsandi frá upphafi framkvæmda svo fylgjast mætti með hugsanlegum breytingum á efnasamsetningu grunnvatns.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð breyting, sem felst í urðun heimilissorps innan urðunarsvæðisins, muni helst geta leitt til lyktarmengunar og mögulegra neikvæðra áhrifa á vatn. Áhrif á landslag verða óveruleg þar sem fyrirhuguð urðun fer fram á núverandi urðunarsvæði. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að mengun berist í grunnvatn en væntir þess að við útgáfu starfsleyfis verði tekið mið af vöktunarniðurstöðum núverandi reksturs, m.a. vöktunar á efnasamsetningu grunnvatns.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Skaftárhrepps við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á urðunarsvæði á Stjórnarsandi, Skaftárhreppi, sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 722/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999.

Gert er ráð fyrir urðunarstaðnum í gildandi aðalskipulagi en áður en framkvæmdaleyfi og starfsleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi svæðisins. Skipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Skaftárhreppur og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. september 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

